

146. löggjafarþing 2016–2017.
Þingskjal 231 — 164. mál.

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um Landsvirkjun.

Frá Silju Dögg Gunnarsdóttur.

1. Hve miklum fjármunum skilaði Landsvirkjun til þjóðarbúsins á árunum 2014, 2015 og 2016?
2. Hver er stefna ríkisstjórnarinnar varðandi eignarhald á Landsvirkjun?
3. Kemur til greina að einkavæða Landsvirkjun að hluta eða öllu leyti?

Skriflegt svar óskast.